

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitur í Hrunamannahreppi.

1. gr.

Gjaldskylda.

Hrunamannahreppur innheimtir stofngjald fráveitu, fráveitugjald, gjald fyrir hreinsun rotþróa og meðhöndlun seyru í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. samþykkt um fráveitur í Hrunamannahreppi nr. 909/2010.

2. gr.

Stofngjald fráveitu.

Stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennislagna frá lóðarmörkum húseigenda við fráveitukerfi sveitarfélagsins skal vera sem hér segir:

Heimtaug \leq 150 mm	300.200 kr.
Heimtaug 151 - 200 mm	320.500 kr.
Heimtaug 201 til 250 mm	340.000 kr.

Gjöld vegna heimtauga $>$ 250 mm eru reiknuð út sérstaklega sem og ef viðbyggingar eru við hús ef sú breyting krefst sverari fráveitulagnar. Semja þarf sérstaklega um stofngjald fráveitu á stöðum fjarri stofnlögnum holræsa, þ.e. yfir 20 metra.

3. gr.

Fráveitugjald.

Af þeim fasteignum í Hrunamannahreppi sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum sveitarfélagsins skal árlega greiða fráveitugjald og skal því varið til að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins.

Álagningarstofn gjaldsins skal vera fasteignamat viðkomandi fasteigna. Fjárhæð gjaldsins skal nema 0,25% af fasteignamati viðkomandi fasteignar þó að hámarki 80.500 kr. fyrir hverja íbúð og 293.000 kr. vegna atvinnuhúsnæðis. Sé ekkert mannvirki á lóð tengt fráveitulögnum sveitarfélagsins greiðist ekki fráveitugjald.

4. gr.

Rotþróargjald.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurjöfnunar á kostnaði við hreinsun rotþróa skv. 18. gr. samþykkt um fráveitur og meðhöndlun seyru í Hrunamannahreppi.

Árlegt rotþróargjald á íbúðarhús þar sem tæming á sér stað að jafnaði þriðja hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró kr. 13.200

Árlegt rotþróargjald á sumarhús þar sem tæming á sér stað að jafnaði fimmta hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró kr. 11.300

Gjald fyrir tæmingu á rotþró við atvinnurekstur eða fyrirtæki sem eru inn í árlegri hreinsun skal vera eftirfarandi fyrir hvert skipti á hverja rotþró:

Rotþró 0-6.000 lítra kr. 37.700

Rotþró 6.001 lítra og stærri kr. 5.800 pr./m³

Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra. Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 3.000. Fyrir aukalosun, að beiðni eiganda skal greiða sérstaklega samkvæmt gjaldskrá losunar- og móttökuaðila.

5. gr.

Gjalddagar.

- a) *Stofngjald fráveitu:* Gjalddagi stofngjalds fráveitu er sá sami og gjalddagi gatnagerðargjalds. Gjaldið skal greitt eða um það samið innan 20 daga frá gjalddaga. Heimilt er að semja um greiðslu stofngjalds fráveitu til allt að 18 mánaða frá gjalddaga. Allar greiðslur skulu bera almenna bankavexti.
- b) *Fráveitu- og rotþróargjald:* Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitastjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

6. gr.

Innheimta.

Gera má fjárnám fyrir gjöldum skv. gjaldskrá þessari.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari bera dráttarvexti skv. ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá gjalddaga.

Stofngjald fráveitu og fráveitugjald, ásamt áföllnum kostnaði, eru tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði í tvö ár frá gjalddaga.

7. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var í veitu- og framkvæmdanefnd Hrunamannahrepps 14. nóvember 2024, við fyrri umræðu í sveitarstjórn 21. nóvember 2024 og við síðari umræðu í sveitarstjórn Hrunamannahrepps 5. desember 2024, er sett með vísan til 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustu-hætti og mengunarvarnir, 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og á grunni samþykktar um fráveitur í Hrunamannahreppi nr. 909/2010. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1448/2023 um fráveitur í Hrunamannahreppi.

Hrunamannahreppi, 5. desember 2024.

Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri.